

Hafnarfjarðarbær og Menningar- og listafjelag Hafnarfjarðar (MLH) gera með sér svofelldan

SAMNING UM REKSTUR OG UMSJÓN BÆJARBÍÓS

1. gr.

Markmið

Markmið samningsins er að nýta Bæjarbíó sem best og standa þar fyrir fjölbreyttri menningarstarfsemi. Kvikmyndasafn Íslands hefur sýningaraðstöðu í húsinu og vill Hafnarfjarðarbær styðja áfram við þá starfsemi og halda á lofti sérstakri stöðu bíósins á landsvísu. Kvikmyndasafnið hefur forgang að tímum í húsinu skv. framlagðri sýningaráætlun fyrir hvern vetur.

2. gr.

Framlag Hafnarfjarðarbæjar og breytingar á húsnæði

Framlag Hafnarfjarðarbæjar er í formi eftirgjafar á húsaleigu og mánaðarlegum rekstrarútgjöldum vegna rafmagns og hita. Fasteignafélag Hafnarfjarðar mun vinna með MLH að áframhaldandi viðhaldi eignarinnar. Ef MLH óskar að nota húsnæðið undir starfsemi sem kallar á breytingar á bíóinu skal bera allar breytingar undir forstöðumann Fasteignafélags Hafnarfjarðar og bæjarminjavörð sem er tengiliður bæjarins við Minjastofnun Íslands. Verulegar takmarkanir eru á öllum breytingum en þó skal tekið fram að breytingar, ef leyfðar, eru á kostnað MLH.

MLH ber ábyrgð á að innréttingar og annar búnaður í eigu Hafnarfjarðarbæjar og Kvikmyndasafns Íslands verði ekki fyrir tjóni. MLH skal vera með tryggingu frá tryggingafélagi sem nær yfir innréttingar og annað innbú og einnig „frjálsa ábyrgðatryggingu“ sem nær yfir ábyrgð gagnvart tjóni þriðja aðila.

3. gr.

Starfsemi í Bæjarbíói

MLH skuldbindur sig til að gangast fyrir reglulegum viðburðum í Bæjarbíói, sbr. umsókn og greinargerð félagsins sem eru fylgiskjöl þessa samnings.

MLH skal standa fyrir opnum viðburðum fyrir almenning. Óheimilt er að framleigja Bæjarbíó til þriðja aðila og ekki er leyfilegt að vera með lokaða viðburði s.s. einkasamkvæmi, brúðkaup, fermingar eða slíkt í bíóinu nema að til komi sérstakt leyfi bíóráðs.

Leggja skal áherslu á eftirtalin markmið Hafnarfjarðarbæjar sem fram komu í útboðsgögnum:

- Að starfsemin efli menningarlíf í Hafnarfirði.
- Að fjölbætt menningarstarfsemi sé í húsinu árið um kring í góðu samstarfi við Kvikmyndasafn Íslands.
- Að starfsemin samræmist stefnu bæjarins um varðveislugildi hússins.

4. gr.

Kynning

Merki Hafnarfjarðarbæjar skal birt á öllu útgefnu efni vegna starfseminnar í Bæjarbíói.

Handwritten signature:
K. S. S.
E. T. B.
1998

Viðburðir skulu kynntir með auglýsingum í fjölmiðlum og með öðrum sýnilegum hætti.

**5. gr.
Gildistími**

Með samningi þessum leggur Hafnarfjarðarbær MLH til aðstöðu frá 30. maí 2014 til 1. júní 2015. Um tilraunaverkefni er að ræða og verður samið til eins árs með möguleika á framlengingu. Ef til endurnýjunar samnings kemur skal undirbúningur að gerð nýs samnings hefjast að minnsta kosti þremur mánuðum áður en samningstíma lýkur.

Hvor aðili getur sagt upp samningi með þriggja mánaða fyrirvara. Ef brot verður á samningi er heimilt að segja upp samningi fyrirvaralaust.

**6. gr.
Afnót Kvikmyndasafns Íslands af Bæjarbíói**

Samkvæmt ákvörðun bæjarráðs skal Kvikmyndasafn Íslands hafa afnot af húsnæði Bæjarbíós í tengslum við reglulegt sýningarhald sitt. Síðustu ár hafa sýningar safnsins verið tvisvar í viku, á þriðjudagskvöldum kl. 20 og á laugardögum klukkan 16. Forgangur Kvikmyndasafnsins að nýtingu hússins skal byggja á samþykktri sýningaráætlun sem berist menningar- og ferðamálanefnd og bíóráði eigi síðar en 15. maí ár hvert. Undantekning á þessu er fyrsta árið, þá verður sýningaráætlun lögð fram í byrjun janúar 2015.

**7. gr.
Tæki og búnaður Kvikmyndasafns Íslands**

MLH ber ábyrgð á að búnaður og tæki í eigu Kvikmyndasafnsins verði ekki fyrir tjóni. Afnót af búnaði eru ekki leyfð nema með samþykki safnsins.

**8. gr.
Bíóráð**

Til að tryggja sem best samstarf um rekstur Bæjarbíós skipar menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbæjar helstu hagsmunaaðila í samstarfsnefnd sem nefnist bíóráð. Í því sitja þrír fulltrúar, einn frá Hafnarfjarðarbæ (sem er formaður ráðsins), einn frá Kvikmyndasafni Íslands og einn frá MLH. Skal ráðið skipað til loka samningstímans.

Bíóráð skal funda að lágmarki sex sinnum á ári en oftar ef einn eða fleiri fulltrúar óska þess. Ráðið skal halda fundargerðir þar sem niðurstöður mála eru skráðar.

Bíóráð stendur vörð um Bæjarbíó og þá starfsemi sem þar fer fram, leitar allra leiða til að markmið samnings þessa nái fram að ganga og er til samráðs um starfsemi sem fer fram í húsinu.

Komi upp ágreiningsmál milli MLH og Kvikmyndasafnsins á samningstíma skal fyrst reyna að greiða úr slíkum deilum hjá bíóráði. Náist ekki niðurstaða innan ráðsins skal vísa málum til menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðarbæjar og til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

9. gr.

Fylgiskjöl

Fylgiskjöl, sem eru hluti af samningi þessum:

1. Tilboð og gögn frá MLH.
2. Útboðsgögn, dagsett 12. febrúar 2014.
3. Friðlýsingargögn frá Minjastofnun Íslands.

10. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjaness.

11. gr.

Samningur þessi er undirritaður af MLH og Hafnarfjarðarbæ.

Hafnarfirði, 28. maí 2014

F.h. Menningar- og Listafjelags Hafnarfjarðar

Kristín S. Samundsdóttir

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

Andri Snær Magnason


Vottar:

Maín Rafnsdóttir 270368-4689

Silwan Þorvaldur 290968-3219

Viðauki við samning Hafnarfjarðarbæjar og Menningar- og listafjelags Hafnarfjarðar (MLH) um rekstur og umsjón Bæjarbíós dags. 28. maí 2014.

Í samningnum er kveðið á um þátt Kvikmyndasafns Íslands í Bæjarbíói og að safnið njóti forgangs skv. sýningaráætlun. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að gert verði hlé á sýningarstarfi Kvikmyndasafnsins í bíóinu. Ráðuneytið telur að eftir ár verði komin nokkur reynsla á hið nýja rekstrarform í húsinu og hægt verði að meta hvort sýningarhald á vegum safnsins geti orðið virkur þáttur í starfsemi í Bæjarbíói.

Sýningartjald Kvikmyndasafnsins í bíóinu verður látið standa óhreyft næsta árið enda umgengni um það eðlilegur þáttur m.t.t. þess að Kvikmyndasafnið verði með starfsemi í húsinu.

Niðurstaða ráðuneytis hefur áhrif á skipan bíóráðs. Hafnarfjarðarbær mun því eiga tvo fulltrúa í ráðinu á meðan Kvikmyndasafnið er ekki með starfsemi í Bæjarbíó. Sömuleiðis verður ágreiningsmálum ekki vísað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins meðan skipan er með þessum hætti.

Viðauki þessi er undirritaður með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.

Hafnarfirði, 28. maí 2014

F.h. Menningar- og Listafjelags Hafnarfjarðar

Kristinn S. Samundsson

F.h. Hafnarfjarðarbæjar


Gudhnefja Gunnarsdóttir

Vottar:

Mani Hafnsdóttir 270368-4689

Susanna Þorsteinsdóttir 290968-3219

